

látið mæta af sinni hendi fyrir yfirdóminum eptir tjeðri stefnu, að vísa máli þessu ex officio frá yfirdóminum.

Því dæmist rjett að vera:

Málinu vísast frá yfirdóminum.

Nr. 28/1875: Hreppstjórinn í Seltjarnarneshreppi
gegn

hreppstjóranum í Álptaneshreppi.

D ó m u r.

Þar eð hjeraðsrjettargjörðirnar í máli þessu bera með sjer, að fyrir hjeraðsrjettinum hafa verið lögð fram í því skjöl, sem merkt voru Nr. 21 cum a—c, og eiga að fylgja hjeraðsrjettargjörðunum, en skjöl þessi eru ekki komin fram fyrir yfirdóminum, þá getur enginn fullnaðardómur gengið í málinu fyrir yfirdóminum með svo felldum málatalbúningi, og ber því ex officio að vísa málinu frá yfirdóminum.

Því dæmist rjett að vera:

Málinu vísast frá yfirdóminum.

Mánudaginn 31. janúarmán.

Nr. 34/1875:

Rjettvísinn

gegn

Guðmundi Sigurðssyni.

D ó m u r.

Með dómi sýslumannsins í Árness þingi, 12. júní f. á., er hinn ákærði Guðmundur Sigurðsson á Mosfelli í Grímsnesi dæmdur fyrir þjófnað á svörtum sauð veturgömlum, er Einar Íngimundarson umboðshaldari á Kaldaðarnesi átti, í 1 árs betrunarhússvinnu og til að greiða Einari iðgjöld hins stolna með 10 krónum, samt

til að lúka allan sakarinnar kostnað og þar á meðal í varnarlaun til Þorkels dannebrogsmanns Jónssonar 4 krónur; en dómi þessum hafa bæði hinn ákærði og amtmaður skotið til yfirdómsins.

Eptir því, sem fram er komið í máli þessu, kom tjeður sauður um seinustu rjettir, haustið 1874, saman við fje Jóns prófests Jónssonar á Mosfelli, er ákærði þá var hjá; ákærði þóttist þá eiga með sauðinn, og kom honum í annari viku vetrar til bróður síns, er býr á öðrum bæ, til hirðingar um veturinn; en litlu fyrir þorra drapst sauðurinn úr pest, og fannst ritjan af honum upp jetin. Ákærði þóttist fyrst hafa ætlað að hirða sauð þennan fyrir eigandann, en játaði seinna, að tilgangur sinn með að taka hann, hefði verið sá, að slá eign sinni á hann og hagnýta sjer. Þetta brot ákærða, sem er um fimmtugt, og aldrei fyr hefur verið ákærður nje dæmdur fyrir nokkurt lagabrot, hefur undirdómarrinn rjettilega heimfært undir 231. grein hegningarlaganna, og virðist hegning sú, er hann hefur tiltekið, eptir málavöxtum hæfileg. Eins og undirrjettardóminn þannig ber að staðfesta, hvað hegninguna snertir, svo ber og að staðfesta hann, að því er iðgjöld hins stolna og sakarkostnaðinn áhrærir, og ber ákærða einnig að greiða allan af áfrýjun málsins löglega leiðandi kostnað og þar á meðal til sóknara og svaramanns við yfirdóminn 10 krónur til hvors um sig í málaflutningslaun.

Á málinu hefur verið talsverður dráttur í hjeraði, en undirdómarrinn hefur rjettlætt hann, svo eigi er ástæða til að láta hann baka honum ábyrgð, og vottast því, að meðferð málsins í hjeraði hefur verið vítalaus; eins hefur flutningur þess fyrir yfirdóminum verið lögmætur.

Því dæmist rjett að vera:

Undirrjettarins dómur á óraskaður að standa. Svo

borgar og ákærði allan af áfrýjun málsins löglega leiðandi kostnað, þar á meðal 10 krónur til sóknara og svaramanns við yfirdóminn, organsleikara P. Guðjohnsens og málaflutningsmanns Páls Melsteðs, hvors um sig.

Hið ídæmda iðgjald ber að greiða innan 8 vikna frá löglegri birtingu dóms þessa, og honum að fullnægja undir aðför að lögum.

Mánudaginn 28. febrúarmán.

1/1876:

Hið opinbera

gegn

Halldóri yfirkennara Friðrikssyni.

D ó m u r.

Mál þetta er rekið og dæmt í hjeraði af Jóni landshöfðingjaritara Jónssyni, sem með landshöfðingjabrjefum 9. septembermán. og 13. októbermán. f. á. er skipaður til »á þessu hausti og vetri þeim, er í hönd fer, að gegna með eigin ábyrgð þeim störfum viðvíkjandi uppræting fjárkláðans», í Arnessýslu vestan Hvítár, Gullbringu- og Kjósarsýslu og Reykjavíkur kaupstað, »sem hlutaðeigandi sýslumenn annars ættu að hafa á hendi».

Tjeður embættismaður virðist hafa skilið þessar skipanir þannig, að þær veittu honum löggilding til að setjast í dómarsæti og upp kveða dóma í þeim málum, er kynnu að rísa út af ráðstöfunum til að uppræta fjárkláðann, en þá skoðun getur yfirdómurinn ekki aðhyllzt. Tilgangurinn með tjeðum landshöfðingjaskipunum virðist hafa verið sá, að fá fullkomna samstemmu í því, hvornig hinum umboðslegu ráðstöfunum til að uppræta fjárkláðann væri framfylgt á hinu til-